

meðdómendunum Andrésí Guðjónssyni skólastjóra og Birni Helgasyni hæstaréttarritara.

Dómsorð:

Stefndi, Tryggingamiðstöðin h/f, greiði stefnanda, Sigfúsi J. Johnsen, kr. 215.430.28 með 8% ársvöxtum af kr. 382.717.03 frá 1. júlí 1967 til 27. febrúar 1971 og af kr. 215.430.28 frá þeim degi til 16. maí 1973 og 10% ársvexti af síðastgreindri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 80.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. október 1976.

Nr. 63/1976. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Geir Egilssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dómentur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr,
Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Fjárdráttur.

Dómur Hæstaréttar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þ. á m. ljósrit veðskuldabréfs þess, sem ákærða er gefið að sök að hafa misfarið með. Ber ljósritið með sér, að bréf þetta var að fjárhæð 429.314 krónur, en eigi 429.317 krónur, svo sem greinir í ákæru. Það athugast enn fremur, að samkvæmt framangreindum gögnum var fjárhæð annars vixilsins, sem ákæra lýtur að, 266.666 krónur, en hins 266.668 krónur. Ákæru um fjárdrátt víxlanna ber þó að miða við þá fjárhæð, sem í ákæru greinir, shr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Í þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur 27. maí 1975 viðurkenndi Þorsteinn Jónsson, að ákærði hafi hans vegna innt af

hendi fjárhæðir þær, sem greinir í liðum 1 til 8 og 15 í skilagreini um viðskipti þeirra ákærða, sem lögð var fram í sakadómi Arnessýslu 3. október 1973 og tekin er orðrétt upp í héraðsdóm. Nema fjárhæðir þessar samtals 238.505 krónum. Við flutning máls þessa hér fyrir dómi lýsti rikissaksóknari því, að fjárhæð þessa bæri að draga frá heildarfjárhæð framangreinds veðskuldabréfs og víxlanna tveggja, þannig að fjárhæð sú, sem ákærða er gefið að sök að hafa dregið sér, nemi 722.809 krónum.

Framburðir ákærða og vitna eru í heild raktir í héraðsdómi.

I.

Sannað er í máli þessu, að ákærði afhenti Jóhannesi Jónsýni veðskuldabréf, að fjárhæð 429.314 krónur, vegna viðskipta þeirra Jóhannesar. Er í ljós leitt, að veðskuldabréf þetta er enn í höndum Jóhannesar. Ber að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að ráðstöfun ákærða á veðskuldabréfi þessu varði hann refsingu samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Ákærði hefur viðurkennt, svo sem greinir í héraðsdómi, að hann hafi hagnýtt sér andvirði víxla þeirra tveggja, sem ákæra lýtur að, til eigin þarfa. Kveður hann sig hafa haft heimild Þorsteins Jónssonar til að færa sér í nýtt andvirði víxla þessara um nokkurn tíma, en hann átti að verja hluta þess til greiðslu á skuldum Þorsteins. Sakargögn benda til, að Þorsteinn hafi falið ákærða að leita eftir kaupum á verslun fyrir sig, og enn fremur benda gögn máls til þess, að Þorsteinn hafi með nokkrum hætti staðið að kaupum á vörubirgðum, svo sem í héraðsdómi greinir. Skipti þeirra ákærða og Þorsteins eru um margt óglögg og lítill vegur að henda reiður á framburði Þorsteins um þau. Þykir því varhugavert að sakfella ákærða fyrir meðferð og ráðstöfun á víxlum þessum samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga, shr. 108. gr. laga nr. 74/1974. Ber að sýkna ákærða af þessum lið ákærunnar.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 60.000 krónur.

Ákæruskjal er eigi svo vandað sem skyldi. Er því áfátt um lýsingu á andlagi brots og tímasetningar ónákvæmar. Þessi mistök í ákæruskjali þykja þó eigi varða frávisun máls, enda kom fram vörn af hálfu ákærða um öll ákæruefnin, sbr. 118. gr., 3. málsgrein, laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Geir Egilsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. október 1975.

Ár 1975, fimmtudaginn 30. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 725/1975: Ákærvaldið gegn Geir Egilssyni, sem tekið var til dóms 9. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28. febrúar sl., gegn ákærða, „Geir Egilssyni, fasteignasala, Dynskógum 12, Hveragerði, fæddum 2. maí 1936 að Múla í Biskupstungum, fyrir fjárdrátt samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa á árinu 1972 dregið sér og varið til eigin nota í viðskiptum í Reykjavík andvirði 2 víxla, sem hvor var að fjárhæð kr. 266.000.00, og skuldabréfs að fjárhæð kr. 429.317.00, en að frádregnum kr. 84.000.00, eða samtals kr. 877.317.00, en fyrrgreind verðbréf voru meðal verðbréfa, sem

Þorsteinn Jónsson, sjómaður, Barónsstíg 13, Reykjavík, hafði í marsmánuði 1972 fengið ákærða í hendur til varðveislu og sérstakra ráðstafana í þágu Þorsteins.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, eftir því sem krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1960 25/3 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 261. gr. hegningarlaga.
- 1961 14/9 í Reykjavík: Dómur: 7 mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir brot á 248. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1965 26/3 í Reykjavík: Dómur: 18 mánaða fangelsi fyrir brot á 155., 247. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1966 1/10 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: 5 mánaða fangelsi fyrir brot á 248. og 261. gr. hegningarlaga. Greiði bætur samtals kr. 6.307.

Málavextir eru þessir:

Hinn 14. mars 1973 ritaði Þorsteinn Jónsson, þá til heimilis að Laugavegi 33 hér í borg, sýslumanni Árnassýslu svohljóðandi bréf:

„Í marzmánuði árið 1972 sneri ég mér til Geirs Egilssonar, endurskoðanda, Dynskógum 12, Hveragerði, og bað hann að annast ýmis málefni fyrir mig. Meðal annars afhenti ég honum tvo víxla, hvorn að fjárhæð kr. 266.000.00, samþykktu af Guðmundi Runólfssyni, útgerðarmanni, Grundarfirði, til greiðslu 1. júní og 1. ágúst 1972. Þá afhenti ég honum einnig þrjú skuldabréf, tvö voru hvort að fjárhæð kr. 429.317.00 og það þriðja að fjárhæð kr. 300.000.00. Bréf þessi átti Geir að selja fyrir mig. Og þá bað ég hann um að greiða af andvirði víxlanna skuld að fjárhæð kr. 84.000.00, auk vaxta, við Ingólf Sigurðsson, Gnoðarvogi 60, Reykjavík, og auk þess skuld við Landsbanka Íslands. Sú skuld var í formi útgerðarláns að fjárhæð kr. 117.000.00, en stendur nú í dag í rúmlega 130.000.00, og peningana átti hann að geyma og afhenda mér síðar. Hvað varðar skuldabréfin þá hef ég náð tveim þeirra, en þriðja bréfið að fjárhæð kr. 429.317.00 er í höndum Jóhannesar Jónssonar í innheimtumanns, Melbrekku v/Breiðholtsveg, Reykjavík, sem segist hafa tekið það upp í skuld áður nefnds Geirs við sig.

Ég hef hvað eftir annað reynt að fá Geir til þess að greiða mér eftirstöðvarnar af nafnverði þessara áður nefndu tveggja víxla, en

mér er kunnugt um, að hann hefur ekki greitt skuldina, sem hann átti að greiða í Landsbanka Íslands, en ég er ekki viss um, hvort hann hefur greitt skuldina við Ingólf Sigurðsson eða ekki.

Þá hef ég kafið hann um andvirði skuldabréfsins eða þá skuldabréfið sjálft, en án árangurs.

Samkvæmt þessu virðist mér, að Geir Egilsson hafi gróflega brotið af sér við íslensk hegningarlög, og óska ég eftir, að mál þetta sæti rannsókn án tafar og að Geir Egilsson hljóti refsingu eins og honum ber samkvæmt íslenskum lögum“.

Í greinargerð, saminni af Brandi Brynjólfssyni hæstaréttarlögmanni, sem lögð hefur verið fram í máli þessu, en hún hafði áður verið lögð fram af hálfu ákærða í máli, sem Þorsteinn Jónsson höfðaði á hendur honum fyrir aukadómpingi Árnassýslu vegna ráðstafna hans á framangreindum viðskiptabréfum, segir, að þeir ákærði og Þorsteinn hafi kynnst síðast á árinu 1971. Í lok febrúar 1972 hafi Þorsteinn leitað aðstoðar ákærða í sambandi við sölu á m/b Bárunni, sem hann átti að $\frac{2}{3}$ hlutum. Víxlarnir og skuldabréfin, sem koma við sögu í máli þessu, séu hluti af andvirði bátsins. Stuttu eftir að salan fór fram, hafi ákærði fest kaup á matvöruverslun í Blesugróf. Til þeirra kaupa hafi hann notað annað skuldabréfið, að fjárhæð kr. 429.317. Hafi ákærði tjáð lögmanninum, að hann hafi gert það með fullu samþykki Þorsteins. Þeir hafi samið svo um, að ákærði endurgreiddi Þorsteini bréfið með eðlilegum afföllum, en greiðslutíminn hafi ekki verið fastákveðinn, heldur hafi Þorsteinn sagt, að hann mætti hafa það nokkuð eftir hentugleikum, á meðan hann, þ. e. Þorstein, vanhagaði ekki um peninga. Þá hafi ákærði og tjáð sér, að Þorsteinn hafi gefið sér leyfi til að nota andvirði víxlanna í eigin þágu. Það hafi þó verið bundið því skilyrði, að ákærði léti það ganga fyrir að greiða knýjandi skuldir, sem hvíldu á Þorsteini. Þetta samkomulag hafi verið gert á milli þeirra 22. mars 1972, er þeir voru á ferð til Ólafsvíkur. Verslunina í Blesugróf hafi ákærði selt Jóni H. Magnússyni, Logalandi 30 hér í borg. Hinn 17. nóvember 1972 hafi Þorsteinn keypt verslunina og rekið hana fram í mars 1973. Hafi verið notað til þeirra kaupa m. a. eitt af veðskuldabréfunum, er Þorsteinn fékk við sölu m/b Bárunnar.

Þegar ákærði, Geir, mætti fyrst fyrir sakadómi, kvað hann það rétt, að hann hafi haft undir höndum verðbréf þau, er í kæru Þorsteins Jónssonar greinir, en hvað varði eftirstöðvar þær, er Þorsteinn segist eiga hjá sér, þá vísaði hann til viðskiptayfirlits, sem hann kvað sýna, að hann hafi þegar greitt Þorsteini kr.

130.124 meira en Þorsteinn telji sig eiga hjá honum skv. kærinni til sýslumanns. Er skilagrein þessi svohljóðandi:

„1973	Úttekið	Innlagt
Stefnukrafa Þorsteins Jónssonar .		961.317.00
í ág. 72 Brandur Brynjólfss. afhenti Þ. J.	4.000.00	
26/6 72 Gjaldheimtan í Rvk.	60.345.00	
5/8 72 Þ. J. greitt í peningum	5.000.00	
25/8 72 Þ. J. greitt í pen. skv. kvittun	25.000.00	
25/8 72 Greitt af veðskuldabréfi	80.760.00	
í sept. 72 Gr. ísskápur v/Þ. J. Selj.:		
Björn Mekkinóss.	15.000.00	
í sept. 72 Gr. húsaleiga skv. kvittun ..	6.000.00	
í sept. 72 Gr. húsaleiga skv. kvittun ..	6.000.00	
21/11 72 Arnarval skv. nótu	657.00	
20/12 72 Samþ. víxill v/vörulager db.		
Ólafs Guðm.	364.000.00	
nóv. des. Vinnulaun skv. reikn. . . .	46.500.00	
nóv. des. Leiga á bifreið skv. reikn. ..	8.400.00	
21/12 72 Sendibílastöðin h.f.	3.830.00	
23/12 72 Sendibílastöðin h.f.	645.00	
jún. sept. Peningar gr. til Þ. J. júní til		
sept. '72	36.400.00	
1/2 73 Önnu B. Jóhannesd. gr. upp í		
laun v/Þ. J.	2.000.00	
1/2 73 Brynju Sigurjónsd. gr. upp í		
laun v/Þ. J.	9.000.00	
10/1 73 Þ. J. lánað veðskuldabréf,		
nafnverð kr. 300 þús. til 3ja ára,		
÷ 18% afföll	246.000.00	
20/1 73 Vinnulaun skv. reikn. . . .	10.150.00	
20/1 73 Leiga á bifreið skv. reikn. ..	7.200.00	
Afföll af 6 ára veðskuldabréfi, nafn-		
verð 429.317.00 kr., ÷ 36% afföll	154.554.00	
Mismunur		130.124.00
1.091.441.00		1.091.441.00“

Í greinargerðinni segir enn fremur, að liður nr. 10, samþ. víxill v/vörulagers o. fl., kr. 364.000, sé vegna kaupa Þorsteins á vörulager hjá Þorbjörgu Óskarsdóttur, Skeljanesi 4 hér í borg. Hafi

lagerinn runnið til verslunar Þorsteins í Blesugróf, en ákærði hafi samþykkt víxil fyrir kaupunum. Í lið 18 sé um að ræða 300.000 kr. skuldabréf til 3ja ára, sem hafi verið eign ákærða, en Þorsteinn hafi lagt eignarhald á. Í janúar 1973 hafi bréf þetta verið sett í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins til tryggingar úttekt Þorsteins. Af því sé í yfirlitinu reiknuð 6% afföll á ári, eða samtals 18%. Í lið nr. 20 séu á sama hátt reiknuð afföll af 6 ára skuldabréfinu, sem Þorsteinn hafi yfirtekið af ákærða. Til frekari skýringa skuli tekið fram, að gengið hafi verið frá sölu m/b Bárunnar heima hjá Brandi Brynjólfssyni hæstaréttarlögmanni, Mávanesi 20, Garðahreppi. Hafi ákærði tekið við þeim hluta andvirðisins, sem var í víxlum og skuldabréfum, þ. e. tveimur skuldabréfum, hvoru að fjárhæð kr. 429.314, og einu að fjárhæð kr. 300.000 til 6 ára með gjalddaga 1. mars 1973 og 7% ársvöxtum og tveimur víxlum, hvorum að fjárhæð kr. 266.000, öðrum pr. 1. júní 1972, en hinum pr. 1. ágúst sama ár. Verður nú greint frá ráðstöfun ákærða á viðskiptabréfum þessum, en um heimild hans til þess ber mikið á milli í framburðum þeirra ákærða og Þorsteins.

Vitnið Þorsteinn Jónsson hefur skýrt frá því, að í mars 1972 hafi það afhent ákærða, Geir Egilssyni, 3 viðskiptabréf, þ. e. 2 víxla, hvorn að fjárhæð kr. 266.000, og skuldabréf að fjárhæð kr. 429.317, útgefið af Guðmundi Runólfssyni. Ákærði hafi átt að innheimta fyrir það víxlana og reyna að selja skuldabréfin. Síðan hafi hann átt að greiða skuld þess við Landsbanka Íslands að fjárhæð kr. 117.000 og skuld þess við Ingólf Sigurðsson, kr. 84.000. Afganginn af fénu hafi ákærði átt að varðveita fyrir það. Vitnið veitti fé þessu ekki viðtöku vegna þess, að ákærði átti að reyna að kaupa fyrir það verslun (sjoppu) á Grensásvegi, en af þessum kaupum hafi aldrei orðið vegna þess, að ákærði hafði þá þegar keypt verslun inni í Blesugróf fyrir sjálfan sig fyrir skuldabréf vitnisins. Ákærði hafi enga heimild haft til að nota skuldabréfið til kaupa þessara né yfirleitt í eigin þágu. Hið eina, sem ákærði hafi haft heimild vitnisins til að gera við bréfin, hafi verið að selja þau með litlum afföllum eða fá lánað út á þau og afhenda vitninu peningana.

Vitnið kveðst ekki vita, hvað ákærði hafi gert við andvirði víxlanna tveggja, en hann hafi aðeins greitt skuldina við Ingólf Sigurðsson, kr. 84.000. Ákærði hafi ekki haft neina heimild til að nota andvirði víxlanna til annars en að greiða skuldir vitnisins, en mismuninn hafi hann átt að afheda því. Vitnið kveður alrangar allar fullyrðingar um, að ákærði hafi fengið heimild frá því til

að ráðstafa bréfunum og andvirði víxlanna á annan hátt en það hefur þegar skýrt frá hér að framan, hvorki á ferð til Ólafsvíkur né í annan tíma.

Ákærði keypti verslunina í Blesugróf af Jóhannesi Jónssyni og seldi hana síðan Jóni H. Magnússyni. Ákærði sagði vitninu alltaf, að hann hefði ekki getað selt skuldabréfið. Á meðan á þessu stóð, var vitnið á sjó og lét því andvirði víxlanna vera í vörslum ákærða. Í nóvember 1972 sagði ákærði vitninu, að honum litist vel á, að það keypti verslun í Blesugróf af Jóni H. Magnússyni. Vitnið samdi við Jón fyrir milligöngu ákærða um, að það ynni í versluninni eða ræki hana fyrir Jón, að því er segir í fyrri framburði þess, til að sjá, hvernig verslunin gengi. Vitnið vann í versluninni hjá Jóni frá 20. nóvember þar til seinni hluta febrúar árið eftir. Í lok janúar var vitnið orðið sannfært um, að ekkert vit væri í að kaupa verslunina, og tilkynnti Jóni það. Jón dró þá upp plagg, sem hann sagði vera kaupsamning, undirritaðan af ákærða, Geir Egilssyni, fyrir hönd vitnisins. Samningur þessi er undirritaður hinn 17. nóvember 1972, en þá kveðst vitnið hafa verið statt úti á sjó um borð í rannsóknarskipinu Hafþóri. Um svipað leyti og Jón sýndi vitninu samninginn sagði hann því, að Jóhannes Jónsson hefði skuldabréfið undir höndum. Ákærði hafði ekki aðeins undirritað samninginn fyrir hönd vitnisins, heldur hafði hann og afhent Jóni Magnússyni skuldabréf sem greiðslu upp í verslunina. Jón hefur afhent vitninu bréf þetta. Skuldabréfin voru upphaflega þrjú. Voru tvö sömu fjárhæðar, kr. 429.317, og eitt að fjárhæð kr. 300.000. Eitt skuldabréfið fékk vitnið hjá Jóni, annað hafði Brandur Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður undir höndum og afhenti því, en hið þriðja er skuldabréfið, sem mál þetta snýst um og er í höndum Jóhannesar Jónssonar. Vitnið og Jón undirrituðu handskrifaðan kaupsamning, en vitninu fannst það vera hálfneytt til þess, og það greiddi Jóni kr. 30.000 upp í kaupin til þess að friða hann. Jón endurgreiddi því þetta fé.

Að því er varðar kaup á vörubirgðum af Þorbjörgu Óskarsdóttur, sem tók 2 daga að telja, þá tók vitnið þátt í talningu á þeim fyrri daginn, en ekki þann síðari. Það hjálpaði til að flytja helminginn af vörubirgðunum inn í verslunina í Blesugróf. Hinn helminginn flutti ákærði síðan heim til sín í Hveragerði. Vitnið tók þátt í talningu og flutningi vörubirgðanna sem starfsmaður verslunarinnar.

Varðandi viðskiptayfirlit það, er að framan greinir, kveðst vitnið viðurkenna liði nr. 2, 4, 5, 7, 8 sem rétta, liður 6 eigi að

vera kr. 10.000, en ekki 15.000, en allir aðrir liðir séu ýmist rangir eða því óviðkomandi.

Framangreindur kaupsamningur, sem vitnið hefur lagt fram, er dagsettur 17. nóvember 1972, eins og áður greinir. Upphaflega hefur samningurinn verið dagsettur 17. október, en yfir okt. hefur verið strikað og skrifað nów. í staðinn. Samningurinn, sem er handskrifaður og skráður á bréfsefni Bókhaldsstofu Suðurlands, Hveragerði, er svohljóðandi:

„Afhendi hér með Jóni H. Magnússyni, Logalandi 30, R., veðskuldabréf að fjárhæð kr. 429.314.00 sem greiðslu upp í vörulager v/verzl. Kjörbúð Blesugróf. Vörulagerinn er allur kr. 470.000.00. Kaupandi er Þorsteinn Jónsson, Laugavegi 33 a, Reykjavík. Þorsteinn skuldbindur sig til að kaupa og Jón til að selja húseign þá, er framangreind verzlun er í, ásamt tækjum og áhöldum á kr. 3.2 milljónir. Afhending á eigninni fer fram 18. nóv. 1972, og ber Þorsteini að sjá um skatta og skyldur af verzl. frá þeim degi og hirða arð hennar.

F. h. Þorsteins Jónssonar.

Geir Egilsson“.

Vitnið Þorsteinn kveður undirskrift ákærða Geirs Egilssonar fyrir sína hönd á plagg þetta gerða vera í algeru heimildarleysi. Hafi því ekki verið um þennan gerning kunnugt fyrr en í febrúar 1973.

Ákærði Geir hefur skýrt frá því, að hann hafi veitt viðtöku í marsmánuði 1972 frá vitninu Þorsteini Jónssyni 2 víxlum, hvorum að fjárhæð kr. 266.000, 2 handhafaskuldabréfum, hvoru að fjárhæð kr. 429.317, og 1 handhafaskuldabréfi að fjárhæð kr. 300.000. Ákærði átti að reyna að koma viðskiptabréfum þessum í verð, og síðan átti hann að greiða einhverjar skuldir fyrir vitnið. Afganginn af fénu mátti hann fá lánaðan, þar til vitnið þyrfti á að halda, en það hafði talað um, að sig langaði til að kaupa „sjoppu“ eða verslun, sem það gæti starfað við sjálft. Eitt af skuldabréfunum notaði ákærði til þess að kaupa fyrir sjálfan sig vörubirgðir Kjörbúðarinnar Blesugrófar. Annað skuldabréf afhenti ákærði Jóni H. Magnússyni upp í kaup á vörulager sömu verslunar, en ákærði hafði þá fyrir nokkru selt Jóni verslunina. Vitnið var þá að hugsa um að kaupa verslunina og vissi það um afhendingu beggja fyrrgreindra skuldabréfa. Ákærði man ekki, hvað varð af þriðja skuldabréfinu, að fjárhæð kr. 300.000. Hann heldur, að hann hafi notað víxlana til kaupa á versluninni í Blesu-

gróf fyrir sjálfan sig. Það var með fullu samþykki vitnisins Þorsteins, að hann notaði víxlana og eitt skuldabréfið til þess að kaupa verslunina. Vitnið hafði verið búið að segja, að hann mætti fá þetta fé lánað, en hann yrði aðeins að greiða skuldir þess. Ákærði heldur, að hann hafi aðeins greitt skuld vitnisins við Ingólf Sigurðsson. Ákærði man ekki, hvers vegna hann greiddi ekki skuld vitnisins við Landsbankann, en líklega hafi það verið vegna peningaleysis. Þegar ákærði keypti verslunina af Jóhannesi, notaði hann eitt af bréfum vitnisins, að fjárhæð kr. 429.317, sem greiðslu upp í andvirðið, eins og áður greinir, og hafi það verið gert með fullu samþykki vitnisins, enda verði að telja óeðlilegt, að vitnið hafi síðar haft jafnmikil samráð við hann um kaup á téðri verslun, hafi þessi ráðstöfun á bréfinu ekki verið gerð með vitund þess og vilja. Ákærði kveðst hafa keypt verslunina af Jóhannesi vorið 1972 og sé greint veðskuldabréf enn í vörslum Jóhannesar, að því er hann best viti.

Varðandi kaupsamninginn, dags. 17. nóvember, þá skýrir ákærði svo frá, að hann myndi ekki, hvernig á því stóð, að hann hafi undirritað hann. Hins vegar var vitnið Þorsteinn upptekið, þegar átti að ganga frá kaupum á vörubirgðunum.

Í fyrri framburði skýrði ákærði frá því, að hann mótmælti framburði vitnisins Þorsteins sem röngum. Kvað hann vitnið hafa haft samband við sig símleiðis oftár en einu sinni, m. a. eitt sinn, er það var statt á Ísafirði, og í þeim samtölum hafi komið fram, að það hafi viljað kaupa verslunina af Jóni H. Magnússyni, fyrst og fremst vörubirgðirnar og reksturinn, en síðar hafi átt að semja um kaupin á húsnæðinu og tækjunum. Í sömu símtölum segir ákærði, að Vitnið hafi beðið hann að ganga frá kaupunum fyrir sína hönd. Ákærði getur þess, að hann og vitnið hafi verið búnir að ræða þessi mál lauslega áður, meðan vitnið var í landi. Enn fremur gat ákærði þess, að vitnið hafi áður verið komið á fremsta hlunn með að kaupa verslun (sjoppu) á Grensásvegi fyrir sína milligöngu, en þau kaup hafi strandað á því, að seljandi hafi ekki getað tryggt til frambúðar húsnæðið, sem var leiguhúsnæði.

Ákærði getur þess, að áður en vitnið tók við versluninni, hafi farið fram ítarleg vörutalning og hafi það verið gert vegna þess, að það hafði keypt verslunina.

Ákærði kveður kaupsamninginn hafa verið gerðan eftir viðræður vitnisins og Jóns H. Magnússonar við Brand Brynjólfsson hæstaréttarlögmann, en ákærði kveðst ekki hafa verið viðstaddur, er þær viðræður fóru fram.

Ákærði aðstoðaði vitnið við vörukaup vegna verslunarinnar, þar eð fljótlega kom í ljós, að vörur voru ekki nægilegar og erfitt að fá vörur vegna þess, hve skammt var til jóla. Þessu til stuðnings lagði ákærði fram ljósrit af kvittunum, dags. 20. desember 1972 frá Árna Halldórssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Þorbjargar Óskarsdóttur.

Enn fremur kveðst ákærði hafa afhent Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins f. h. verslunarinnar veðskuldabréf, er ákærði átti sjálfur, að fjárhæð kr. 300.000, til tryggingar greiðslu á vöruúttekt, og lagði ákærði fram ljósrit af kvittun frá ÁTVR, dags. 10. janúar 1973.

Þá lagði ákærði fram ljósrit af kvittun, dags. 22. desember 1972, frá Jóni H. Magnússyni fyrir greiðslu á kr. 30.000 frá Þorsteini, en ákærði kveðst hafa farið með þessa peninga til Jóns fyrir vitnið og þess vegna sé kvittunin í sínum höndum.

Vitnið rak í skilningi ákærða Kjörbúðina Blesugróf fyrir eigin reikning, alla vega yfir jólin og eftir nýárið.

Liðir 10—20 á reikningsyfirlitum eru allir vegna reksturs vitnisins á Kjörbúðinni Blesugróf að undanteknum lið nr. 15. Ákærði getur ekki skýrt það að öðru leyti en hér að framan, hvers vegna vitnið hefur ekki undirritað nein skjöl vegna kaupa á versluninni eða reksturs hennar. Ákærði heldur, að það sé bara klaufalega að farið hjá sér að fá ekki hjá vitninu skriflegt umboð og einnig að ákærði skuli ekki hafa fengið skriflegt leyfi til þess að ráðstafa víxlunum og skuldabréfinu í sína eigin þágu. Ákærði gaf vitninu enga kvittun fyrir þessum viðskiptabréfum. Það er alveg ábyggilegt að sögn ákærða, að vitnið ætlaði að kaupa verslunina, og hann hafði fulla heimild til þess að afhenda skuldabréfið. Vitnið mun svo hafa hætt við kaupin, áður en formlega var frá þeim gengið, en ákærði var þá ekki viðstaddur.

Þegar umræddir atburðir gerðust, rak ákærði Bókaldsskrifstofu Suðurlands. Um það bil ári áður hafði hann byrjað að selja fasteignir, en fengið Brand Brynjólfsson hæstaréttarlögmann austur til að gera samninga, afsöl og skuldabréf. Síðar stofnaði Brandur Fasteigna og bátasölu Suðurlands, sem ákærði rekur, en Brandur er einn skráður eigandi. Ákærði rekur jafnframt Bókaldsskrifstofu Suðurlands.

Ákærði kveðst vera gagnfræðingur að mennt og hafa auk þess verslunarskólapróf frá breskum verslunarskóla, West of Scotland Commercial College í Glasgow.

Við sampröfun vitnisins Þorsteins og ákærða, Geirs, skýrði

vitnið frá því, að ákærði hafi átt að selja fyrir það skuldabréfin, er í framburði hans greinir, hvort að fjárhæð kr. 429.317, svo og handhafaskuldabréfið að fjárhæð kr. 300.000. Vitnið heldur því fram, að það hafi aldrei samþykkt að lána ákærða afganginn af því, er kæmi inn fyrir skuldabréfin, eins og hann heldur fram. Hafi ekki verið á þetta minnst. Vitnið kveður þá ákærða aldrei hafa minnst á nein afföll við sölu skuldabréfanna. Ákærði minntist á við vitnið, hvort það vildi ekki kaupa af sér verslun, er hann ætti. Vitnið kveðst hafa fallist á að athuga það mál. Ákærði fékk skuldabréfin hjá vitninu nokkru eftir að sala bátsins fór fram. Fékk vitnið enga kvittun frá ákærða, enda kveðst það ekki hafa farið fram á það. Víxlarnir voru afhentir ákærða nokkru síðar en skuldabréfin. Kveður vitnið ákærða hafa vitað, hvaða skuldir hann átti að greiða fyrir það. Gjaldldagi víxlanna var í júní og ágúst 1972, að það minnir. Vitnið heldur fast við það, að ákærði hafi aldrei haft neina heimild til að kaupa neitt fyrir andvirði skuldabréfanna og víxlanna, heldur hafi hann átt að skila vitninu andvirðinu, þegar búið var að greiða skuld í Landsbankanum, kr. 117.000, og skuld við Ingólf Sigurðsson, kr. 84.000. Ákærði kveðst aldrei hafa greitt skuld vitnisins við Landsbankann. Ákærði kveðst halda fast við þann framburð sinn, að vitnið hafi ætlað að kaupa Kjörbúðina Blesugróf og að þetta hafi í rauninni verið fastmælum bundið. Vitnið kveðst hafa krafið ákærða um uppgjör á víxlunum og skuldabréfunum síðast í janúar, þegar það hafði ákveðið að hætta við að kaupa Kjörbúðina Blesugróf.

Vitnið afhenti ákærða, eins og áður greinir, tvo víxla, hvorn að fjárhæð 266.000, tvö handhafaskuldabréf, hvort að fjárhæð kr. 429.317 og eitt handhafaskuldabréf að fjárhæð kr. 300.000. Ákærði kannast við að hafa veitt víxlunum viðtöku svo og skuldabréfunum að fjárhæð kr. 429.317. Um handhafaskuldabréfið að fjárhæð kr. 300.000 segir ákærði, að hann og vitnið hafi farið með það til Brands Brynjólfssonar hæstaréttarlögmanns samkvæmt kröfu Brands, vegna þess að í ljós kom, að vitnið hafði verið gert gjaldþrota. Samþykkti vitnið, að bréfið yrði lagt inn í Iðnaðarbankann til tryggingar á skuldum þess við Gjaldheimtuna. Vitnið kveðst ekki kannast við þetta og neitar að hafa látið Brand Brynjólfsson nokkurn tíma hafa umrætt bréf. Ákærði segir, að hann hafi fengið skuldabréfin og víxlana í hendur hjá vitninu þó nokkru eftir að vitnið fékk Brandi 300.000 kr. skuldabréfið. Vitnið kveðst aldrei hafa átt nein viðskipti við Brand Brynjólfsson umfram það, að hann seldi bátinn fyrir það.

Ákærði kveður báða víxlana, er hann fékk hjá vitninu, hafa verið greidda til hans. Var annar greiddur á gjalddaga, en hinn eftir innheimtuaðgerðir. Ákærði notaði fé þetta í eigin þágu að undanskildu því, að hann greiddi Ingólfi Sigurðssyni kr. 84.000 og kr. 60.345 til Gjaldheimtunnar. Vitnið segir það rétt, að ákærði hafi greitt framangreindar fjárhæðir fyrir sig. Ákærði kveðst hafa látið Jóhannes Jónsson hafa annað skuldabréfið, að fjárhæð kr. 429.317, vegna kaupa hjá honum á vörulager, eins og áður er rakið. Vissi bæði vitnið og Jóhannes Jónsson, að vitnið var eigandi bréfsins, er ákærði lét það af hendi. Var bréfið upphaflega látið sem trygging, en síðan sem greiðsla. Jóhannes er enn eigandi bréfs þessa. Vitnið kveðst hafa komist fyrst að þessu seint í janúar, er það hætti við að kaupa verslunina. Hitt skuldabréfið, að fjárhæð kr. 429.317, hafði ákærði látið Jón H. Magnússon fá, er það keypti Kjörbúðina Blesugróf af honum fyrir hönd vitnisins. Vitnið kveðst hafa fengið bréf þetta aftur frá Jóni. Ákærði skýrir frá því, að vitnið hafi sagt honum í janúar 1973, að úttekt fengist ekki lengur í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins fyrir búðina. Bauðst ákærði til þess að láta Áfengis- og tóbaksverslunina fá skuldabréf, sem hann átti, að fjárhæð kr. 300.000, til tryggingar því, að verslunin gæti fengið úttekt þar áfram. Þáði vitnið boðið og afhenti ákærði Áfengis- og tóbaksversluninni skuldabréfið. Þegar ákærði nokkru síðar ætlaði að taka skuldabréfið til baka, var honum sagt í Áfengis- og tóbaksversluninni, að búið væri að afhenda versluninni bréfið. Ákærði fékk kvittun á dskj. nr. 9 við afhendingu bréfsins til Áfengis- og tóbaksverslunarinnar.

Vitnið kveðst hafa vitað um afhendingu skuldabréfsins til Áfengis- og tóbaksverslunarinnar, en þetta mál hafi verið sér óviðkomandi, það hafi ekki verið eigandi verslunarinnar, heldur Jón H. Magnússon.

Ákærði staðfesti kvittunina og yfirlýsinguna á dskj. nr. 5, þ. e. um kaup hans á versluninni f. h. vintisins. Skjal þetta var lesið í heyranda hljóði og það sýnt vitninu. Vitnið kveður ákærða hafa gert þetta að því fornspurðu. Ákærði kveður þetta ekki rétt hjá vitninu. Hann hafi hringt til þess frá Ísafirði og skýrt því frá því, er í kvittuninni greinir. Hafi vitnið verið þessu samþykkt. Vitnið kveður það rétt vera, að ákærði hafi hringt til þess og sagt því, að verslun væri til sölu. Vitnið kveðst engu ákveðnu hafa svarað um þetta, en sagt ákærða, að það mundi koma suður og athuga þetta nánar.

Ákærði sá í dóminum reikningsyfirlitið á dskj. 4 um viðskipti sín við vitnið og kveðst staðfesta það. Vitninu var sýnd skilagreinin. Vitnið kveður það rétt, er greinir í liðum merktum 1—8 í skilagreininni, en annað varði sig ekki. Vitnið kannast ekki við að hafa fengið peninga, er í 15. lið greinir, frá ákærða, samtals að fjárhæð kr. 36.400. Ákærði segir hins vegar, að hann hafi greitt þessa peninga vegna vitnisins og byggi það á dagbók sinni. Vitnið segir nú, að það muni ekkert um kröfulið þennan fyrir víst, en fallist á hann. Vitnið kveðst t. d. muna, að tengdamóðir ákærða hafi afhent sér kr. 5.000, en um aðrar greiðslur man það ekki fyrir víst.

Yfirlýsing Jóns Heiðars Magnússonar, Logalandi 30, sem er ódagsett, er á þá leið, að veðskuldabréf, útgefið 1. mars 1972 af Guðmundi Runólfssyni, Grundarfirði, að fjárhæð kr. 429.314, sé eign Þorsteins Jónssonar, Laugavegi 33, og sé honum heimilt að taka bréfið, sem sé í Langholtsútibúinu, í sína vörslu sem réttum eiganda.

Kaupsamningur sá, sem um ræðir í framburði ákærða, er dagsettur 23. janúar 1973, en óundirritaður. Segir þar, að seljandi, Jón H. Magnússon, Logalandi 30, lofi að selja og kaupandi, Þorsteinn Jónsson, sé jafnframt skuldbundinn til að kaupa „Kjörbúðina Blesugróf“ við A-götu í Blesugróf og hús það, sem verslunin er rekin í. Er umsamið kaupverð verslunarinnar kr. 2.600.000 og er í lið 4, um greiðslu kaupverðsins tekið fram, að kaupandi hafi þegar greitt inn á það með skuldabréfi, útgefnu 1. mars 1972 að upphæð kr. 429.000 + vexti 15. janúar 1973, samtals kr. 450.000.

Þá segir svo í kvittun, dagsettri 20. desember 1972, er Árni Halldórsson hefur undirritað f. h. Þorbjargar Óskarsdóttur, Skeljanesi 4, en ákærði, Geir, f. h. Þorsteins Jónssonar, að ákærði, Geir Egilsson, hafi afhent Árna víxil að fjárhæð kr. 234.000 til tryggingar greiðslu á vörulager, er Þorsteinn Jónsson hafi dag þann, er kvittunin er dagsett, keypt af Þorbjörgu. Vörulagerinn er talinn að útsöluverði kr. 521.847.10, en samkomulag er um, að söluverð verði kr. 350.000 auk andvirðist tveggja hillurekka, kr. 14.000, eða samtals kr. 364.000. Þá segir, að samkomulag sé um, að í stað tryggingarvixilsins komi víxlar, er greiðist 15. mars, 15. maí, 15. júlí og 15. september 1973, að fjárhæð kr. 91.000 á hverjum gjalddaga. Ráði seljandi sölu og fjárhæð víxlanna.

Í málinu liggur fyrir kvittun frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, dags. 10. janúar 1973. Segir þar, að Kjörbúðin Blesugróf

hafi í dag afhent Áfengis- og tóbaksversluninni veðskuldabréf að upphæð kr. 300.000, útgefið af Jóni H. Magnússyni, til tryggingar greiðslu á vöruúttekt kjörbúðarinnar við ÁTVR.

Loks var lögð fram kvittun, dags. 22. desember 1972, undirrituð af Jóni H. Magnússyni, þar sem segir, að Þorsteinn Jónsson hafi greitt Jóni kr. 30.000 upp í kaup á versl. Blesugróf.

Vitnið Jóhannes Jónsson, sem er starfsmaður Rafmagnsveitu Reykjavíkur, til heimilis að Melbrekku við Breiðholtið, hefur skýrt frá því, að það hafi rekið matvöruverslun í Blesugróf í 3½ ár. Eigandi húsnæðisins var Brandur Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður. Vitnið treysti sér ekki til þess að kaupa húsnæðið og seldi því ákærða, Geir Egilssyni, lager verslunarinnar og einhver tæki. Ákærði tók að sér að greiða vöruvixla, sem það hafði samþykkt, en því gekk illa að fá eftirstöðvar greiddar, en þær áttu að greiðast í peningum. Endirinn varð sá, að ákærði afhenti skuldabréf að fjárhæð kr. 429.317, útgefið af Guðmundi Runólfsyni. Bréf þetta átti að vera til tryggingar eftirstöðvum kaupverðsins. Þær hafa ekki verið greiddar, en tvær afborganir af bréfinu. Bréf þetta er ennþá í vörslu vitnisins.

Vitnið hafði ekki hugmynd um, hvernig ákærði var að skulda bréfi þessu kominn, þegar hann afhenti því það. Ákærði afhenti því skuldabréfið í byrjun júní 1972 eða síðast í maí, að því er það minnir.

Vitnið Jón Heiðar Magnússon, er að framan greinir, hefur skýrt frá því, að sumarið 1971 hafi það verið að vinna með gröfu austur í Ölfusborgum og þar kynnst ákærða, Geir Egilssyni. Sumarið eftir, 1972, var það einnig að vinna þar. Þá fór ákærði að gylla fyrir því, hvað gott væri að eiga verslun og hvað slíkur rekstur gæfi oft mikið í aðra hönd. Í framhaldi af þessum viðræðum sagði ákærði því, að hann ætti verslun í Blesugróf, sem hann væri til með að selja.

Vitninu skildist á ákærða, að hann ætti einnig húsnæði það, sem umrædd verslun væri rekin í, en hún gekk undir nafninu „Kjörbúðin Blesugróf sf.“. Síðar fékk það að vita, að Brandur Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður ætti húsnæðið, en ákærði sagði því, að það gæti fengið húsnæðið keypt á sama verði og ákærði fengi það sjálfur.

Ákærði vann fyrir austan á þessum tíma, en vann í versluninni á laugardögum og stundum á föstudögum til aðstoðar því starfsfólki, sem hann hafði þar. Vitnið man ekki, hvaða mánaðardag það var, sem þeir ákærði gerðu kaupsamninginn, en heldur, að

það hafi verið í júlímánuði. Vitnið tók strax fram, að það gæti ekki keypt verslunina og húsið fyrr en haustið 1972. Ákærði óskaði eftir því, að þeir gengju frá kaupunum í júlímánuði. Þeir fóru heim til Brands Brynjólfssonar, Mávanesi 20, Arnarnesi, og þar var samningurinn gerður og undirritaður. Vitnið á afrit af þessum samningi. Þegar ákærði var að gylla fyrir vitninu kaupin á verslun þessari, gat hann þess, að hún mundi greiða kaupverðið eðlilega niður, þótt það reiknaði sér sjálfu kr. 40.000 í kaup á mánuði. Þegar þeir ákærði voru búnir að ganga frá kaupunum á versluninni og jafnframt kaupunum á húsinu við Brand, varð að samkomulagi, að ákærði ræki verslunina til haustsins. Vitnið tók við versluninni laugardaginn 19. ágúst 1972 og rak hana til 18. nóvember 1972, en þá keypti Geir Egilsson verslunina af því f. h. Þorsteins Jónssonar, en ákærði sagði, að hann væri á sjó fyrir vestan. Þetta átti að vera bráðabirgðasamningur, þar til Þorsteinn kæmi í land, eða þannig túlkaði ákærði það fyrir vitninu. Hann sagðist hafa skriflega heimild til að gera kaupin fyrir hönd Þorsteins. Hann sýndi vitninu hana ekki, en það tók hann alveg trúanlegan. Þorsteinn Jónsson hitti vitnið fyrst í versluninni, er hann hafði tekið við henni. Það dróst fram yfir áramótin 1972—1973, að þeir Þorsteinn ræddu nánar um kaupin. Það mun hafa verið í janúar árið 1973 sem þeir Þorsteinn fóru heim til Brands Brynjólfssonar til að ganga frá kaupunum. Mun ákærði hafa ýtt á eftir Þorsteini með þetta, og vitnið vildi koma þessu á hreint. Vitnið sá fljótlega eftir því, að það fór að reka verslun þessa. Allar gyllingarnar, sem ákærði hampaði við það, er hann var að fá það til að kaupa hana, stóðust ekki, og enginn grundvöllur var fyrir rekstri hennar. Þeir Þorsteinn fóru tvisvar til Brands. Í fyrra sinnið var hann búinn að gera uppkast að samningi, en Þorsteinn sagðist ekki vera tilbúinn til að undirskrifa hann. Í seinna sinnið skrifuðu þeir Þorsteinn undir einhvers konar handskrifað samningsuppkast, sem það getur ekki munað, hvernig hljóðaði. Það hefur gert margar tilraunir til þess að fá þetta samningsuppkast hjá Brandi, en hann hefur alltaf borið því við, að hann fyndi það ekki. Þorsteinn innti ekki neinar greiðslur af hendi við undirskrift samningsuppkastsins, en í því stóð, hvernig greiðslum skyldi hagað. Vitnið hefur athugað réttarskjal nr. 6 í máli þessu, þ. e. samninginn. Hefur það aldrei séð það áður og getur ekki sagt um, hvort samningsuppkastið, sem þeir Þorsteinn Jónsson skrifuðu undir heima hjá Brandi, hljóðaði á sama veg og skjal þetta. Við nánari umræður þeirra Þorsteins um kaupin á versluninni

og verslunarhúsnæðinu sagði hann því, að hann væri hættur við þau. Vitnið heldur, að þetta hafi verið í febrúar. Þorsteinn var þá ekki farinn að greiða því neitt í því, sem það seldi honum, að undanteknum kr. 30.000, sem áður getur, og er ákærði keypti af því verslunina f. h. Þorsteins Jónssonar 18. nóv. 1972, þá greiddi hann því upp í vörulager með veðskuldabréfi að upphæð kr. 429.314, eins og áður er fram komið. Þegar vitnið ræddi um bréf þetta við Þorstein, er kaupin gengu til baka, hafði hann ekki hugmynd um, að bréf þetta væri í höndum vitnisins. Þegar vitnið tók við versluninni af Þorsteini, varð það að greiða söluskatt, sem kominn var í vanskil, og ýmis önnur gjöld. Vitnið sá, að það hafði gert mikla vitleysu, er það lét ákærða blekkja sig til að gera umrædd kaup, og ákvað því að greiða áfallnar skuldir og reyna svo að losa sig við verslunina sem fyrst. Gerði það sér ljóst, að það mundi verða fyrir talsverðu fjárhagslegu skakkafalli við kaupin. Það hefur ekki tekið það saman, hvað tap þess er mikið, en það er orðin talsvert há upphæð.

Vitnið bað Þorstein að vera eitthvað áfram með verslunina, meðan það reyndi að ná í kaupanda, en það tókst ekki, og varð það að loka versluninni til að tapa ekki enn meiru.

Þegar Þorsteinn skýrði því frá því, að ákærði hefði ekki haft heimild til að afhenda því umrætt veðskuldabréf, lét það hann hafa það, eins og áður er rakið. Einnig greiddi það upp skuld hjá ÁTVR.

Til viðbótar þessu skýrði vitnið frá því síðar, að það hafi ekki vitað annað en Þorsteinn tæki við rekstri verslunarinnar í samræmi við kaupsamninginn, er ákærði gerði fyrir hans hönd. Vitnið man ekki, hvenær Þorsteinn skýrði því frá, að hann væri hættur við kaupin á versluninni. Vitnið segir, að það hafi aldrei komið til tals, hvorki að Þorsteinn ræki verslunina né ynni þar til þess að sjá til, hvernig reksturinn gengi. Vitnið vissi ekki annað en það væri búið að selja verslunina. Vitnið kveðst hafa greitt skuld við ÁTVR, rúmlega kr. 50.000, sem áður greinir, og fengið afhent skuldabréf að nafnverði kr. 300.000. Vitnið var sjálft útgefandi skuldabréfsins, og er það geymt heima hjá því.

Við samþrófun vitnanna Þorsteins og Jóns Heiðars skýrði Jón Heiðar frá því, að ákærði, Geir Egilsson, hafi einhvern tíma í nóvember 1972 sagt sér, að hann hefði kaupanda að versluninni Kjörbúðinni Blesugróf, en vitnið hafði um 3 mánuðum áður keypt verslunina af ákærða og húsnæðið og hluta af áhöldum af Brandi Brynjólfssyni hæstaréttarlögmanni. Vitnið man ekki kaupverð.

Vitnið féllst á að selja verslunina. Kom ákærði í verslunina til þess. Ákærði kvað kaupandann heita Þorstein Jónsson. Væri hann úti á sjó og gæti ekki verið viðstaddur gerð samnings. Ákærði kvaðst hafa skriflegt umboð frá Þorsteini til að gera kaupin. Ákærði útbjó kvittun og í framhaldi af því samning um kaupin á dskj. nr. 5. Ákærði undirritaði plagg þetta f. h. Þorsteins Jónssonar, svo sem skjalið ber með sér. Vitnið man ekki, hvort það undirritaði einnig, en telur ósennilegt, að svo hafi verið. Fyrir hendi er í dóminum kvittun, er vitnið hefur undirritað, um móttöku á skuldabréfi að fjárhæð kr. 429.314. Vitnið sér kvittun þessa í dóminum og kannast við að hafa undirritað hana. Í kvittun þessari viðurkennir vitnið að hafa fengið greiðslu upp í vörulager, skuldabréf að fjárhæð kr. 429.314, útgefið af Guðmundi Runólfssyni. Helgina eftir að ákærði gerði samkomulagið við vitnið f. h. Þorsteins, kom Þorsteinn í búðina til þess og hóf þar vinnu. Vitnið kveðst ekki muna eftir því, að nokkur vörutalning hafi verið gerð í sambandi við framangreint samkomulag, en verðmæti vörulagers var áætlað kr. 470.000. Vitnið fékk Þorsteini báða lyklana að búðinni og taldi þar með, að hann hefði tekið við rekstrinum. Leit vitnið svo á, að búðin væri ekki lengur á þess vegum. Vitnið kveður þá Þorstein ekki hafa rætt þetta sérstaklega.

Vitnið Þorsteinn kannast við að hafa fengið 2 lykla að búðinni hjá vitninu. Það kveðst ekkert hafa vitað um samninginn milli ákærða og vitnisins Jóns Heiðars. Vitnið kveðst einungis hafa haft í huga að kaupa búðina, en aldrei litið þannig á, að um kaupsamning væri að ræða. Var það ekki fyrr en í endaðan janúar, að vitnið komst að því, að ákærði hafði gert samkomulagið á dskj. nr. 5 fyrir þess hönd. Samkvæmt kvittun á dskj. nr. 10 hefur vitnið Þorsteinn greitt Jóni Heiðari upp í kaupin á Kjörbúðinni Blesugróf 22. desember 1972 kr. 30.000. Vitnið Jón Heiðar sér umrædda kvittun og kannast við að hafa undirritað hana. Vitnið Þorsteinn kannast við að hafa greitt vitninu Jóni framangreinda fjárhæð, svo sem kvittunin greinir. Kveðst vitnið hafa gert þetta til að friða vitnið Jón Heiðar.

Vitnunum ber saman um það, að þau hafi gert samning hjá Brandi Brynjólfssyni hæstaréttarlögmanni seinni partinn í janúar 1973. Var Brandur viðstaddur ásamt þeim, en eigi aðrir. Hann handritaði samning, sem vitnin skrifuðu undir. Vitnið Þorsteinn kveður hér hafa einungis verið um uppkast að samningi að ræða. Vitnið kveður ekki geta verið, að neitt verð hafi staðið í samningnum, og ekki man það eftir neinum skuldbindingum þar. Átti

eftir að ganga frá ýmsum atriðum samningsins og síðan að hreinita hann.

Vitnið Jón Heiðar taldi vera um samning að ræða og hafi Brandur Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður sagt, að samningurinn væri fullgildur. Vitnið Þorsteinn kveðst ekki muna, að Brandur hafi sagt þetta. Vitnið Þorsteinn bendir á, að þegar það sagði vitninu Jóni Heiðari, að það væri hætt við samninginn, hafi Jón Heiðar strax afhent því skuldabréfið að fjárhæð kr. 429.314 og endurgreitt því kr. 30.000. Vitnið Jón Heiðar kveðst ekkert muna eftir efni umrædds samnings, og ekki man það eftir því, hvort skuldabréfið að fjárhæð kr. 429.314 var nefnt þar á nafn.

Vitnið Þorsteinn kveðst aldrei hafa heyrt annað kaupverð nefnt en 3.2 milljónir, sem ákærði hafi sett inn á dskj. nr. 5.

Vitnið Jón Heiðar kveður upphaflega kaupverðið hafa átt að vera 3.2 milljónir. Síðan hafi eitthvað verið búið að lækka það, en hversu mikið, man vitnið ekki. Vitnið sér samningsuppkastið á dskj. nr. 7. Vitnið er um það spurt, hvort handritaði samningurinn hjá Brandi Brynjólfssyni hafi verið svipaðs efnis og samningsuppkastið, og kveðst vitnið telja svo vera.

Vitnið Jón Heiðar skýrir frá því, að vitnið Þorsteinn hafi ekki strax skrifað undir handritaða samninginn hjá Brandi Brynjólfssyni. Hafi vitnið Þorsteinn sagst þurfa umhugsunarfrest og þeir hafi komið aftur til Brands um kvöldið eða daginn eftir til að skrifa undir. Vitnið kveður samninginn hjá Brandi hafa verið samningsuppkast, en með samningsuppkasti kveðst vitnið eiga við, að átt hafi verið eftir að vélrita samninginn. Vitnið man ekki eftir því, að neinn fyrirvari hafi verið hafður í handritaða samningnum um, að um bráðabirgðasamning hafi verið að ræða. Vitnið Þorstein minnir, að það hafi skrifað undir með fyrirvara, en vitnið Jón Heiðar man ekki eftir því.

Vitnið Jón Heiðar skýrir frá því, að ákærði Geir hafi tekið við peningum, er inn komu í verslunina fyrst í stað, en síðan vissi vitnið ekki, hver gerði það. Vitnið Þorsteinn kveðst hafa notað þá peninga, er inn komu í verslunina, til kaupa á vörum og greiðslu vinnulauna.

Vitnið Jón Heiðar kveðst ekkert vita um það, hvernig á því stóð, að ákærði, Geir, lét veðskuldabréf að fjárhæð kr. 300.000, útgefið af vitninu, til tryggingar á vöruúttekt fyrir verslunina hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Hafi það borist í tal milli þeirra Þorsteins um það leyti sem Þorsteinn hætti við kaupin, að skuldabréfið hefði verið látið sem trygging til Áfengis- og tóbaks-

verslunarinnar. Hafi vitnið þá fyrst vitað um, að bréfið hafði verið sett sem trygging. Þegar vitnið Þorsteinn tilkynnti vitninu, að það væri hætt við kaupin, hafi þeir talað sig saman um það, að Þorsteinn starfaði stuttan tíma áfram við verslunina. Þorsteinn starfaði við verslunina í nokkurn tíma, og síðan var henni lokað. Vitnið fór þá að selja af lager verslunarinnar. Vitnið kveðst með ráði Þorsteins hafa farið í Áfengis- og tóbaksverslunina og sótt 300.000 kr. skuldabréfið og jafnframt greitt kröfu að fjárhæð kr. 50.000, sem það stóð sem trygging fyrir. Vitnið veit ekki, hvort bréfið er lengur í þess fórum. Vitnið Þorsteinn kveður það rétt, sem vitnið hefur nú skýrt frá.

Vitnið Jón Heiðar kveðst hafa orðið að borga söluskatt fyrir þann tíma, sem Þorsteinn rak verslunina, og hafi sú fjárhæð, er það þurfti að greiða í söluskatt, numið tæpum 300.000 kr. Taldi vitnið rétt, að það héldi framangreindu bréfi vegna greiðslu á söluskatti.

Vitnið Árni Björgvin Halldórsson hæstaréttarlögmaður, Hjarðarhlíð 9, Egilsstöðum, kveðst hafa haft með höndum sölu á vörubirgðum í eigu dánarbús Ólafs R. Guðmundssonar fyrir ekkju hans, Þorbjörgu Óskarsdóttur, Skeljanesi 4. Nokkru fyrir jólin 1972 hringdi Þorbjörg til vitnisins og sagði, að kaupandi að vörubirgðunum hefði gefið sig fram og væri það Þorsteinn Jónsson, sem hefði verslun í Blesugróf. Ákærði Geir væri milligöngumaður, og bað vitnið Þorbjörgu að senda hann til þess á skrifstofuna til að ganga frá kaupunum. Þorsteinn kom aldrei til vitnisins, en talaði við það í síma. Man vitnið glögg, að áður en gengið var frá kaupunum, hringdi til þess maður, sem kvaðst heita Þorsteinn Jónsson. Hann kvaðst reka verslun í Blesugróf og vera ákveðinn í að kaupa þennan vörulager. Rak hann mikið á eftir því, að afhending færi fram án tafar. Tjáði hann vitninu, að ákærði Geir mundi ganga frá þessum viðskiptum fyrir þess hönd. Þorbjörg kannaðist eitthvað við ákærða Geir, og var hún fús til að selja vörubirgðirnar, enda hafði verið mjög lítil eftirspurn eftir þeim, síðan kom ákærði til vitnisins og náðist samkomulag um verð og greiðsluskilmála, en þar sem ákærði hafði ekki umboð frá Þorsteini, lét vitnið hann samþykka tryggingarvixil fyrir andvirðinu. Afhending vörubirgðanna fór svo strax fram, og mun kunningi Þorbjargar hafa séð um afhendinguna, en vitnið man ekki nafn hans. Aldrei var gengið frá endanlegum víxlum, og höfðaði vitnið mál árið 1973 á hendur ákærða til greiðslu á tryggingarvixlinum, og hefur ákærði greitt hluta hans. Í Þorsteini Jónssyni hefur vitnið ekki

heyrt, frá því áðurgreint símtal fór fram, fyrr en nokkrum dögum fyrir 9. janúar 1974, er hann hringdi heim til þess að kvöldlagi og spurði um, hvort vitnið hefði mætt hjá sakadómi Reykjavíkur. Hann tjáði því, að hann skildi ekkert í því, hvað væri verið að blanda honum í þetta mál. Hann hefði aldrei keypt neinn lager af því og þeir hefðu aldrei talað saman. Vitnið kvað það rétt vera, að þeir hefðu aldrei hist, en þeir hefðu talað saman í síma um þennan vörulager og þættist það alveg visst um, að það væri sama röddin, sem talaði nú og þegar hann rak á eftir afhendingu lagersins. Þorsteinn virtist þá missa allan áhuga á að ræða frekar málið, og slitu þeir símtalinu.

Vitnið Valdimar Thorarensen trésmiður, Meistaravöllum 33, hefur skýrt frá því, að Þorbjörg Óskarsdóttir sé mágkona þess. Gerði það henni þann greiða að telja vörubirgðir, sem hún ætlaði að selja. Annaðist það starf þetta ásamt ákærða, Geir Egilssyni, og Þorsteini Jónssyni, sem því skildist vera kaupandinn að vörulagernum, en ákærði einhvers konar ráðgjafi hans. Þegar búið var að telja vörubirgðirnar, ræddu þeir ákærði og Þorsteinn um að fara til Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns til að ganga frá kaupunum.

Vitnið man vel eftir því, að menn þessir ræddu um það við það, hvort þeir gætu ekki fengið eitthvað af vörunum strax. Höfðu þeir sérstaklega mikinn áhuga á hrisgrjónum, sem þarna voru, en mun hafa verið lítið til af í borginni. Þetta var rétt fyrir jólin 1972, og vildu þeir fá þessa vöru í jólasöluna. Vitnið sagði mönnunum, að það hefði enga heimild til að afhenda þeim neitt af vörubirgðunum. Það hefði aðeins verið beðið að vera við upp-
talningu á þeim.

Benti það þeim á að flýta sér að ræða við Árna Halldórsson hæstaréttarlögmann til að ganga frá kaupunum og þá væri eflaust ekki fyrirstaða á því, að þeir gætu fengið vörubirgðirnar afhentar.

Vitninu virtist Þorsteinn hafa áhuga á kaupunum á vörubirgðunum, og vildi hann fá þær afhentar sem allra fyrst. Það voru leikföng og nælonsokkar og eitthvað fleira af vörubirgðunum, sem framan skráðir menn höfðu ekki áhuga á og keyptu ekki, en vitnið fór með það heim til Þorbjargar.

Vitnið man það ekki glögg, en minnir, að þeir hafi verið tvo daga að telja vörubirgðirnar.

Sama daginn er talningunni var lokið, sóttu þeir ákærði og Þorsteinn vörubirgðirnar, og voru stúlkur með þeim, sem vitninu skildist að ynnu í verslun Þorsteins í Blesugróf, en þangað var

lagerinn fluttur. Vitnið man ekki, hvaða dag þetta var. Það gleymdi að taka með sér „rafmagnsljósahund“, sem notaður var, er vörubirgðirnar voru fluttar, og sótti það hann síðar. Fór það í verslunina til Þorsteins og fékk hjá honum lykil að húsinu, sem vörubirgðirnar voru geymdar í, til að ná í „ljósahundinn“ og skilaði svo Þorsteini aftur lyklinum. Sá vitnið ekki annað en hann væri þá stjórnandi verslunarinnar. Vitnið man ekki götuheiti né númer á húsi því, sem vörubirgðirnar voru geymdar í, en það var í smáibúðahverfinu.

Vitnið Brandur Brynjólfsson hæstaréttarlögmaður hefur skýrt frá því, að í febrúar 1972 hafi Þorsteinn Jónsson, er þá bjó í Bólstaðarhlíð 44, og ákærði, Geir Egilsson, komið heim til þess. Vitnið þekkti Þorstein þá ekkert. Erindi þeirra var að biðja vitnið að ganga frá sölu á eignarhluta Þorsteins í m/b Bárinni til Guðmundar Runólfssonar, Grundarfirði, en hann er útgefandi veðskuldabréfanna, sem koma við sögu í máli þessu, svo og samþykkjandi víxlanna. Eignarhluti Þorsteins í bátnum var $\frac{2}{3}$, en Tómas Hafsteinsson átti $\frac{1}{3}$ hluta, en sá eignarhluti var ekki seldur. Vitnið gekk frá sölunni og afsali fyrir bátnum og útbjó skuldabréfin og víxlana. Fengu þeir Þorsteinn og Geir víxlana og skuldabréfin afhent, en hann fékk afsalið. Tveim dögum seinna kveðst vitnið hafa verið statt í fógetaréttinum hér í borg og þá frétt, að Þorsteinn hafi verið úrskurðaður gjaldþrota vegna vanskilaskulda við Gjaldheimtuna, að fjárhæð kr. 355.486. Vitnið kveður sér hafa orðið mjög órótt við þessar fréttir. Úrskurður um gjaldþrotaskiptin hafði þá ekki verið auglýstur í Lögbirtingablaðinu. Vitnið hafði strax samband við ákærða Geir og sagði honum að greiða yrði gjaldheimtuskuldina eða á einhvern hátt að fá gjaldþrotaskiptaúrskurðinn felldan úr gildi. Ákærði sagði vitninu, að Þorsteinn hefði ekki peninga til að greiða skuldina, en hins vegar hefði hann veðskuldabréf frá bátasölunni. Vitnið kveðst þá strax hafa farið til fundar við gjaldheimtustjóra og rætt við hann um mál þetta. Hafi gjaldheimtustjóri fallist á að draga kröfuna um gjaldþrotaskipti hjá Þorsteini Jónssyni til baka, ef vitnið setti tryggingu fyrir greiðslu skuldar hans við Gjaldheimtuna. Þeir Þorsteinn og Geir komu samdægurs í skrifstofu vitnisins og afhentu vitninu 300.000 kr. skuldabréfið frá bátasölunni til afnota í þessu skyni. Vitnið lét þá ekki hafa kvittun fyrir móttöku skuldabréfsins. Vitnið lét skuldabréfið til innheimtu í Iðnaðarbankanum og fór með yfirlýsingu, sem það hafði fengið í bankanum, til gjaldheimtustjóra, þess efnis, að Iðnaðarbankinn tæki að sér að inn-

heimta bréfið og greiddi það, er innheimtist, inn á reikning Þorsteins Jónssonar hjá Gjaldheimtunni. Vorið 1973 kom Þorsteinn í skrifstofu vitnisins og var æstur. Bar hann það beinlínis á vitnið, að það hefði stolið umræddu skuldabréfi. Krafðist hann þess að fá það á stundinni og lét í það skína, að ella mundi hann kæra vitnið. Vitnið kveðst hafa minnt Þorstein á, hvað átt hefði að gera við skuldabréfið og síðan hefði verið gert, en Þorsteinn vildi ekkert við það kannast. Vitnið kveðst þá hafa hringt niður í Iðnaðarbanka og átt tal við yfirmann innheimtunnar. Vitnið sagði honum, að sín vegna mætti Þorsteinn Jónsson taka bréfið, en strangt tekið vissi vitnið, að bankinn mátti ekki afhenda bréfið nema með samþykki Gjaldheimtunnar. Þorsteinn fór beint frá vitninu niður í Iðnaðarbanka. Hittist þá svo illa á, að yfirmaður innheimtudeildarinnar hafði brugðið sér frá, en Þorsteini var sagt, að hann kæmi eftir augnablik. Vitnið kveðst hafa frétt, að Þorsteinn hafi gengið um bankann og rætt um ræningja og þjófa og nefnt vitnið í því sambandi. Hann hafi umsvifalaust heimtað viðtal við bankastjóra. Elgi veit vitnið, hvort hann náði samtali, en yfirmaður innheimtudeildarinnar kom skömmu síðar, og mun hann hafa afhent Þorsteini bréfið. Var þá búið að gera upp framangreinda skuld við Gjaldheimtuna, sem þá var búið að lækka niður í kr. 60.345. Fyrir þessa snúninga fyrir Þorstein kveðst vitnið enga þóknun hafa fengið, en það hafi fengið þóknun fyrir að ganga frá samningsgerðinni við kaup á mótorbátnum. Vitnið kveðst hafa innt af hendi greiðsluna til Gjaldheimtunnar, að fjárhæð kr. 60.345, en Geir Egilsson hafi svo greitt sér fjárhæð þessa. Jafnframt kveðst vitnið hafa greitt til Ingólfs Sigurðssonar afborgun af skuldabréfi, kr. 80.760, sbr. lið 5 í reikningsyfirlitinu hér að framan, en veðskuldabréf þetta hafði stofnast vegna báta-kaupa Þorsteins. Þá greiddi vitnið kr. 4.000 beint til Þorsteins, og móttók Þorsteinn peninga þessa á skrifstofu vitnisins í ágúst 1972. Hafði ákærði Geir beðið vitnið að inna þessar greiðslur af hendi. Vitnið kveður þetta vera það eina, sem það muni eftir að hafa komið nærri peningaviðskiptum þeirra ákærða Geirs og Þorsteins. Hins vegar hafi Þorsteinn hringt til þess nokkrum sinnum vorið 1973 og kvartað yfir því, að sér gengi illa að ná í ákærða Geir og hann greiddi ekki peninga, sem hann skuldaði sér. Vitnið sagði honum, að sér kæmu viðskipti þeirra ákærða Geirs ekkert við, og vildi hann ekki, að verið væri að hringja í sig út af þeim.

Vitnið skýrir frá því, að þeir Þorsteinn Jónsson og Jón Heiðar Magnússon hafi komið til sín tvisvar á tímabilinu frá 10.—20.

janúar 1973 vegna þess, að Þorsteinn ætlaði að ganga endanlega frá kaupum á Kjörbúðinni Blesugróf. Vitnið hafði áður átt húsnæði verslunarinnar og hluta af áhöldum. Jóhannes Jónsson, Melgerði, Blesugróf, hafði leigt verslunarhúsnæðið hjá vitninu og rekið verslunina um nokkurra ára skeið. Jóhannes hafði selt ákærða Geir verslunarrekstuinn snemma árs 1972, og varð Geir þá leigjandi húsnæðisins. Síðar á sama ári keypti Jón Heiðar Magnússon verslunarreksturinn af ákærða Geir og húsnæðið af vitninu. Rak Jón Heiðar síðan verslunina þar til í nóvember sama ár, en þá keypti ákærði Geir verslunina fyrir hönd Þorsteins af Jóni Heiðari. Fór þá fram nákvæm vörutalning, og reyndist lagerinn kr. 470.000, eins og málsskjölin bera með sér. Vitnið hafði engin afskipti af kaupum þessum. Vitnið kveðst hafa staðið í þeirri meiningu, að ekki stæði annað til en ganga formlega frá samningi um sölu á versluninni milli þeirra Þorsteins og Jóns Heiðars. Enginn ágreiningur var á milli þeirra um verð á versluninni, en það var kr. 2.600.000. Samkvæmt samkomulaginu átti kaupandi að taka að sér áhvílandi veðskuldir, sem námu samtals kr. 837.331, og einnig aðra skuld, kr. 105.669. Þorsteinn hafði þegar greitt inn á kaupin með veðskuldabréfinu í mótorbátnum, að fjárhæð kr. 429.317 að viðbættum vöxtum til 15. janúar 1973, eða alls kr. 450.000. Þá hafði Þorsteinn greitt kr. 30.000 inn á kaupin, en það láðist að setja það inn í samninginn. Vitnið kveðst hafa verið heima hjá sér og handskrifað samninginn. Hafi aðalþvargið staðið um það, hvernig staðgreiðsluna skyldi inna af hendi, en það átti að gerast með víxlum á rúmu ári. Vitnið kveður samninginn hafa verið undirritaðan og gengið frá honum í einu eintaki. Vitnið telur sig hafa vélritað samninginn, annað hvort eftir frumritinu eða eftir punktum. Um mánaðamótin janúar—febrúar fór Jón Heiðar þess á leit við vitnið að fá samninginn, vegna þess að hann þyrfti að lögsækja Þorstein, að því er vitninu skildist. Fór vitnið þá að huga að samningnum, en fann hann ekki þrátt fyrir ítarlega leit.

Vitnin Þorsteinn Jónsson og Brandur Brynjólfsson voru samprófuð. Við þá samprófun skýrði vitnið Þorsteinn frá því, að það hefði aldrei látið vitnið Brand Brynjólfsson hafa skuldabréfið að fjárhæð kr. 300.000, er Iðnaðarbankinn fékk, en ákærði Geir hefði fengið þetta bréf frá vitninu til að selja það. Um sölu hafa verið þó eigi verið rætt í einstökum atriðum. Vitnið fékk bréfið í Iðnaðarbankanum strax og það nefndi það, enda var þá Brandur Brynjólfsson búinn að hringja þangað. Vitnið kveður umrætt

skuldabréf aldrei hafa verið sett til tryggingar á skuld þess við Gjaldheimtuna, enda taki Gjaldheimtan ekki við slíkum bréfum. Vitnið Þorsteinn kannast við, að vitnið Brandur Brynjólfsson hafi greitt fyrir sig kr. 55.486 af opinberum gjöldum og kr. 4.859 í uppbóðskostnað. Um lækkun á opinberum gjöldum, kr. 300.000, kveðst vitnið ekki kannast. Vitnið Þorsteinn kveðst kannast við að hafa undirritað handritaðan samning hjá vitninu Brandi ásamt Jóni Heiðari Magnússyni um kaup á Kjörbúðinni Blesugróf. Vitnið man ekki, hvenær það skrifaði undir samninginn, en það sé rétt, sem vitnið Brandur segir um það, þ. e. að það hafi verið milli 10. og 20. janúar 1973. Vitnið taldi samning þennan einungis til bráðabirgða og eigi bindandi fyrir sig. Kveðst það ekki hafa undirritað samninginn fyrr en það hafði ráðfært sig við Þorfinn Egilsson héraðsdómslögmann og hann sagt því, að það skipti engu máli, þótt það ritaði undir handritað skjal, það hefði ekkert gildi. Vitnið kveður Jón Heiðar Magnússon einnig hafa undirritað bráðabirgðasamninginn. Þá skýrir vitnið Þorsteini frá því, að þegar þeir Jón Heiðar komu út frá Brandi í seinna skiptið, þ. e. eftir að samningurinn hafði verið undirritaður, hafi Jón Heiðar sagt því, að áður væri búið að gera samning um kaup á versluninni milli þeirra og hefði ákærði Geir undirritað samninginn fyrir þess hönd. Vitnið kveðst ekkert hafa vitað af þessu fyrr en þá, eins og áður er rakið. Vitnið leit þannig á, að undirritun bráðabirgðasamningsins væri einungis samningaumleitanir. Vitnið skýrir frá því, að það hafi tvisvar áður gert skriflega samninga við kaup og sölu á tveimur bátum. Vitnið Þorsteinn skýrir frá því, að það hafi frá 18. nóvember 1972 annast rekstur verslunarinnar Kjörbúðarinnar Blesugrófar fyrir hönd Jóns Heiðars. Hafi það afhent peninga þá, er inn komu í verslunina. Vitnið átti að fá kaup, ef rekstur verslunarinnar bæri sig, en svo var ekki, og fékk það ekkert greitt. Vitnið kannast við að hafa greitt Jóni Heiðari kr. 30.000 í sambandi við kaup á versluninni, stuttu eftir að það fór að starfa þar. Jón endurgreiddi vitninu peninga þessa, stuttu eftir að bráðabirgðasamningurinn var gerður. Vitnið sér nú samninginn, er áður er rætt um. Vitnið kveður bráðabirgðasamninginn ekki hafa verið í samræmi við samning þennan. Vitnið telur t. d., að verðið á versluninni hafi átt að vera 3.200.000 kr. Vitnið veit ekkert um, hvort vörutalning fór fram í versluninni, áður en það fór að starfa þar, og ekki heldur, hvort það var gert, eftir að það hætti. Vitnið sagði Jóni Heiðari síðast í janúar, að það ætlaði að hætta í versluninni. Jón Heiðar bað vitnið að vera smátíma. Gerði

vitnið það og vann í versluninni hálfan mánuð eða svo. Fékk það að taka út úr búðinni fyrir vinnu sína, en man ekki, hve mikið. Vitnið man ekki eftir því, að Brandur Brynjólfsson hafi hringt til þess og beðið það að koma og skrifa undir vélritað eintak af samningnum. Vitnið kveður Jón hafa haft lykil að versluninni, meðan það starfaði þar. Hann lét vitnið hafa tvo lykla. Lét vitnið ákærða Geir hafa annan lykilinn. Þegar Jón Heiðar heyrði það, lét hann skipta um skrá á versluninni.

Vitnið Þorsteinn skýrir frá því, að það hafi nefnt við ákærða Geir, að vörur vantaði í verslunina, þ. á m. tóbak. Bauðst Geir til að bjarga því við. Sagði hann vitninu skömmu síðar, að hann hefði farið með veðskuldabréf að fjárhæð kr. 300.000 í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og lagt það inn sem tryggingu fyrir kaupum á tóbaki til verslunarinnar. Gæti vitnið pantað tóbak að vild. Vitnið kveðst í rauninni hafa átt að snúa sér til Jóns Heiðars, þótt reyndin yrði sú, að það sneri sér til ákærða Geirs. Vitnið kveðst ekkert geta um það sagt, hvers vegna það sneri sér frekar til ákærða Geirs heldur en Jóns Heiðars. Vitnið tekur fram, að þeir peningar, sem inn komu í verslunina, hafi farið í að greiða kaup verslunarfólks, en oft hafi ekkert verið eftir til vörukaupa.

Jón Heiðar greiddi skuld verslunarinnar í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og fékk 300.000 kr. skuldabréfið afhent. Vitnið kveðst ekkert vita, hvað varð af skuldabréfinu.

Samkvæmt endurriti úr skiptabók Reykjavíkur var kveðinn upp úrskurður í skiptaréttinum hinn 1. nóvember 1971 að beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um, að bú Þorsteins Jónssonar skyldi tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota. Lá fyrir við uppkvaðningu úrskurðarins árangurslaus lögtaksgerð hjá gerðarþola, sem sótti þing og hreyfði ekki andmælum við gjaldþrotabeiðninni.

Niðurstöður.

Eins og nú hefur verið rakið, veitti ákærði Geir, sem rak Bókshaldsstofu Suðurlands, viðtöku frá Þorsteini Jónssyni 2 víxlum, hvorum að fjárhæð kr. 266.000, og skuldabréfi að fjárhæð kr. 429.317, er í ákæru greinir. Ákærði innheimti víxlana og notaði andvirði þeirra í eigin þágu að undanskildu því, er hann greiddi fyrir Þorstein Jónsson, eins og að framan er rakið. Skuldabréfið notaði hann og í eigin þágu, er hann keypti Kjörbúðina Blesugróf af Jóhannesi Jónssyni. Þorsteinn Jónsson hefur eindregið neitað því, að ákærði hafi haft heimild til að nota fé þetta svo sem hann gerði, og ákærði hefur ekki rennt stóðum undir það, að honum hafi verið það heimilt. Telst ákærði með atferli þessu

hafa orðið brotlegur gegn 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmans, kr. 40.000.

Þorsteinn Jónsson hefur ekki haft uppi skaðabótakröfu gegn ákærða í máli þessu.

Rannsókn hófst í málinu fyrir sakadómi Árnassýslu 3. október árið 1973, og önnur rannsókn var háð í því 30. nóvember sama ár, en að því búnu var það sent sakadómi Reykjavíkur. Rannsóknarlögreglan hóf rannsókn í málinu 3. janúar 1974, og var þeirri rannsókn lokið 11. sama mánaðar. Var málið síðan sent ríkissaksóknara með bréfi, dagsettu 14. janúar, en ríkissaksóknari endursendi málið með bréfi, dagsettu 25. sama mánaðar, með kröfu um, að málið sætti dómsrannsókn. Rannsókn þessi hófst 4. desember 1974 og lauk 16. sama mánaðar. Var málið þá endursent ríkissaksóknara, og gaf hann út ákæru í því 28. febrúar 1975, svo sem áður greinir. Málið var þingfest 11. apríl sl., og var eftir það enn háð rannsókn í því. Dómarinn fékk mál þetta í hendur eftir útgáfu ákæru og hafði engin afskipti af rekstri þess fyrir þann tíma.

Dómsorð:

Ákærði, Geir Egilsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmans, kr. 40.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.